



Annáll vorannar 2023

Tölulegar upplýsingar

Kennsla hófst skv. stundaskrá miðvikudaginn 4. janúar og kennslu- og námsmatsdögum lauk þriðjudaginn 16. maí. Heildarfjöldi nemenda við skólann á vorönn 2023 var 447. Þar af voru 363 nemendur í dagskóla og 84 nemendur í kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 63,1% nemenda voru karlar og 36,9% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 64% karlar og 36% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 57% karlar og 43% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 141 nemandi. 41 nemandi var á náttúrufræðibraut og 341 á félagsfræðibraut. 26 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum var 61 nemandi í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 26 nemendur í dagskóla og 47 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 22 nemendur í dagskóla og 7 í dreifnámi.

Ytra mat

Út kom skýrsla um ytra mat í FVA sem framkvæmt var á haustdögum 2022 af tveimur fulltrúum á vegum barna- og menntamálaráðuneytis. Margt fróðlegt og gagnlegt kom fram í skýrslunni. M.a. er fjallað um stjórnun, skipulag og starfsfólk skólans, félagslíf nemenda, stefnumótun og mat, nám og kennslu. Auk þess var áhugaverður kafli þar sem bornar eru saman niðurstöður rýnihóps FVA á tilteknum viðmiðum og væntingum og úttektaraðilanna. Heildarniðurstöður um skólann voru mjög jákvæðar og hvetjandi fyrir okkur öll til að halda áfram okkar góða starfi.

Námsver

Á önninni sinntu tveir kennarar Námsverinu. Á þriðjudögum og fimmtudögum gátu nemendur leitað til stærðfræðikennara eftir aðstoð. Aðsókn var betri en í fyrra og þessi valkostur verður áfram í boði.

Afrekssvið

Á afreksíþróttasviði var 51 nemandi sem æfa sjö íþróttagreinar undir stjórn sérhæfðra þjálfara. Nemendur fá tíma í stundatöflu til æfinga og hressingu í mötuneytinu til að viðhalda styrk og heilsu. Hópurinn er klæddur sérmerktum fötum. M.a. var farið í heimsókn í Borgarholtsskóla á önninni.

Jafnrétti

Eitt af gildunum okkar er jafnrétti. Jafnréttisfulltrúi FVA er Ólöf H. Samúelsdóttir. Í jafnréttisráði skólans eru auk jafnréttisfulltrúa Sigríður Ragnarsdóttir, Hörður Hallgrímsson og Finnbergi Rögnvaldsson. Skýrsla vegna ársins 2022 var unnin í ársbyrjun 2023 og jafnframt var jafnréttisáætlun endurskoðuð, en ný áætlun gildir nú frá 2023 til 2026. Fræðsla til nemenda og starfsfólks um orðanotkun og hugtök sem snerta jafnrétti hófst á önninni. Sendu endilega ábendingar ef þú telur að jafnréttis sé ekki gætt í skólanum.



Foreldraráð

Formaður er Erna Hafnes. Foreldraráð gekkst fyrir að stofna safnreikning, fundaði nokkrum sinnum á önninni og einu sinni með skólameistara. Ráðið gerði athugasemd við að engar búsetureglur giltu um íbúð heimavistarstjóra og er málið komið í vinnslu.

Skólanefnd og fulltrúaráð

Í skólanefnd sem skipuð var sl. sumar til ársins 2025 eru samtals fimm. Ellert Jón Björnsson, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir. Formaður skólanefndar er Sædís Alexía Sigurmundsdóttir. Fyrsti fundur nýrrar skólanefndar var haldinn 7. desember 2022. Nefndin fundaði með skólameistara 22. mars og ræddi ýmis mál. Næsti fundur verður í júní.

Fulltrúaráð er skipað 12 fulltrúum frá 6 sveitarfélögum sem standa að rekstri skólans. Í fulltrúaráði eru: Benedikt J. Steingrímsson, Ragnheiður Helgadóttir, Sigrún Ágústa Helgudóttir, Margrét Helga Ísaksen, Guðmann Magnússon, Þorvaldur T. Jónsson, Jóhanna Þorvaldsdóttir, Einar Jón Geirsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Veronika G. Sigurðardóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson. Formaður fulltrúaráðs er Ragnheiður Helgadóttir. Fulltrúaráð verður boðað á skólanefndarfund í júní nk.

NFFA

Stjórn NFFA skólaárið 2022-2023 skipa þau Friðmey Ásgrímsdóttir, Helgi Rúnar Bjarnason, Jóel Þór Jóhannesson, Róbert Máni Gunnarsson og Sigurður Andri Óskarsson. Fulltrúi nýnema er Salka Hrafns Elvarsdóttir.

Árshátíð NFFA var haldin 23. febrúar í sal skólans. Þar var mikið um dýrðir, kvöldverður og skemmtiatriði en síðan var stiginn dans á Gamla Kaupfélaginu.

Haldnir voru átta dansleikir á skólaárinu sem fóru vel fram. Áhersla er lögð á að blása og komast í edrúpott til að geta fengið verðlaun.

Leiklistarklúbburinn Melló setti upp söngleikinn Hlið við hlið í apríl í leikstjórn Einars Viðarssonar með tónlist eftir Frikka Dór. Frumsýnt var 15. apríl. Þetta var sturluð sýning! Alls komu 40 manns að sýningunni. Alls var sýnt átta sinnum í Bíóhöllinni fyrir fullu húsi og verkefnið skilaði hagnaði.

KOSS

Formleg dagskrá KOSS var með rólegra móti á vorönninni eftir viðburðaríka haustönn. Það sem stóð upp úr á vorönninni er árshátíðin sem var haldin 17. mars á Galito. Hátt í 80 manns mættu á árshátíðina sem var drekkhlaðin af skemmtiatriðum frá starfsmönnum og Heiðmar Eyjólfsson mætti síðan með gítarinn og það var sungið og dansað langt fram eftir. KOSS kemur einnig að því að skipuleggja vorferð fyrir starfsfólk skólans sem verður farin 24. maí.

Mannabreytingar urðu í stjórn KOSS á vorönninni. Guðrún Lind steig til hliðar og Aldís Ýr tók hennar sæti. Stjórn KOSS þakkar Guðrúnu kærlega fyrir einstaklega farsælt samstarf undanfarin ár. Nú skipa eftirfarandi starfsmenn stjórn KOSS: Aldís Ýr Ólafsdóttir, Arnar Sigurgeirsson, Áslaug Guðmundsdóttir, Jófríður María Guðlaugsdóttir og Stefanía Marta Katarínusdóttir.



Ekkó-teymi

EKKO-teymi í FVA vinnur að forvörnum með nemendum. Það er mikilvægt verkefni sem brennur okkur öllum og nemendur eiga virka aðkomu að. Í viku sex skipulagði teymið ásamt stjórn NFFA skemmtilega dagskrá sem tengdist málefnum.

Stoðteymið eflist á önninni þar sem við bættist sálfræðingur í 75% starfi. Þorleifur Baldvinsson kynnti sér starfseminu á vordögum og mun hefja störf formlega í ágúst.

Erlent samstarf

Hópur nemenda og tveir kennarar, Anna Bjarnadóttir og Helena Valtýsdóttir, fóru til Litáen 15. janúar í alþjóðlegt samstarf við skóla þar. Farið var í skoðunarferðir, heimsóknir og farið á fyrirlestra, m.a. hjá Menntamálaráðuneyti þar í landi. Nemendum FVA stendur til boða að taka þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi meðan á námi stendur. Ef þú hefur áhuga á að ferðast, hitta nýtt fólk og kynnast öðrum löndum, hafðu samband við Helenu.

Húsnæði og aðbúnaður

Áfram er unnið að viðhaldi á húsnæðinu. Hafinn er undirbúningur að endurbótum á eldhúsi starfsbrautar, afdrepi fyrir nemendur með mikla fötlun og tveimur skrifstofum; fyrir sálfræðing og deildarstjóra starfsbrautar. Þá verður seinni hluti B-álmunnar, tvær tölvustofur teknar í gegn, önnur er hugsuð fyrir starfsbraut en hin áfram sem kennslustofa í upplýsingatækni. Umsjónarmaður fasteigna og skólameistari þurfa oft að anda djúpt þegar hægt gengur að fá brýnar endurbætur í gegn hjá Framkvæmdasýslunni.

Keypt voru ný hækkanleg skrifborð í allar kennslustofur á árinu og nýir skrifborðsstólar. Einnig voru keyptir bluetooth hátalarar, bæði litlir og stórir. Ný húsgögn voru keypt í kennslustofu í M-álmu. Sérlega magnaður nuddstóll var keyptur og nýttist vel.

Betri kjör

Frá árinu 2020 hefur verið samið við öll stéttarfélag starfsfólks FVA. Búið er að semja við eftirtalin stéttarfélag; Kennarasamband Íslands, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Sameyki og Verkalýðsfélag Akraness.

Óhætt er að segja að kjör starfsfólks skólans hafi batnað með þessum samningum auk þess sem gengið hefur verið frá betri vinnutíma í góðu samráði. Nú stendur yfir endurskoðun stofnanasamnings við KÍ. Samstarfsnefnd hefur verið skipuð eins og kveðið er á um í kjarasamningi en núgildandi samningur rennur út í júní nk. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar kennara; Arnar Sigurgeirsson, Ástþór Helgi Hjálmarsson og Þorbjörg Ragnarsdóttir; auk skólameistara og gæða- og mannauðsstjóra FVA, Sigríðar Hrefnu Jónsdóttur sem er þaulreynd í samningamálum, og Guðrúnar Lindar Gísladóttur fjármálastjóra FVA. Í samningamálum gildir að greina stöðu og hagsmuni, hlusta og finna lausnir sem sátta ríkir um.

Mötuneyti

Hollur og góður matur er merki mötuneytis FVA. Þar er boðið upp á hafragraut á morgnana salatbar í hádeginu, ásamt því að hægt er að næla sér í sætabrauð þess á milli. Vatnskraninn er vinsæll og vel nýttur, en svo er von á nýjum vatnsvélum fljótlega. Mikið stuð hefur verið í salnum í kringum mötuneytið, flýtir hefur oft verið á mannskapnum og gleymst hefur stundum að ganga vel um og matarklessur liggja eftir á borðum og gólfum. En starfsfólk mötuneytis er magnað, alltaf með bros á vör, tilbúin með girnilegan mat og hreinan sal á hverjum degi. Takk fyrir okkur í vetur!



Heimavist

Sameiginlegt rými var frískað upp og stórt sjónvarp keypt. Ekki hefur fengist heimild frá Framkvæmdasýslunni til endurbóta á heimavistinni þótt brýnt sé orðið, t.d. að skipta um hurðir. Afleysing fékkst í veikindum vistarstjóra frá 11. apríl út skólaárið. Starf heimavistarstjóra var auglýst laust til umsóknar í byrjun maí.

Bókasafn

Nýr forstöðumaður tók til starfa 1. maí. Fráfarandi forstöðumaður hvarf til annarra starfa 1. mars og leysti Sæbjörg Jónsdóttir af á safninu þar til nýr tók við. Berglind Ósk Þórólfsdóttir var ráðin í starfið. Ýmsar breytingar eru fyrirhugaðar á safninu með nýjum forstöðumanni, bæði í aðbúnaði og hlutverki og verður mikil áhersla á skjalastjórn skólans og aðstöðu nemenda til náms og verkefnavinnu.

Viðburðir í skólastarfi:

Lið FVA stóð uppi sem sigurvegari í framhaldsskólaleikum Rafíþróttasambands Íslands (FRÍS). Keppt var í þremur tölvuleikjum, Counter-Strike: Global Offensive, Rocket League og Valorant. Liðið skipaði: Davið Ernir, Bergur Breki, Ólafur Ian, Gabríel Ómar, Sindri Már, Svavar Karl, Arnar Gauti, Adrian, Nikulás, Ágúst Páll, Berglind, Sölvi og Eysteinn Agnar. Glæsilegur árangur hjá okkar liði!

Tveir nemendur í rafvirkjun tóku þátt í *Íslandsmeistaramóti iðnnema í rafvirkjun* í Laugardalshöllinni í apríl. Keppnin var frá fimmtudegi til laugardags en á föstudeginum fóru nemendur af 6. önn á mótið, kynntu sér störf Rafiðnaðarsambandsins og Rafmenntar auk þess sem nemendurnir voru fengnir í vinnu á mótinu til að kynna fyrir grunnskólanemum rafiðnaðarnámið.

Nemendur í mál- og véltækni/vélvirkjun heimsóttu fyrirtæki á svæðinu m.a. Meitil og Norðurál.

Nemendur í íslensku heimsóttu slóðir Snorra Sturlusonar með íslenskukennurum og árleg jarðfræðiferð var farin undir stjórn Finnþórs Rögvaldssonar.

NFFA skipulagði glæsilega dagskrá í tilefni *Viku Sex*, 6.-9. febrúar en m.a. var boðið upp á fyrirlestra frá Fávitum & karlmennskunni, tónlist með Páli Óskari og Blush Bingó til styrktar Stígamótum.

Opnir dagar voru haldnir 21. og 22. febrúar en slíkt uppbrot á kennslu á sér langa hefð í skólanum. Aldís Ýr og Hildur Karen sáu um skipulagið í ár af metnaði og eldmóði. Í boði voru fjöldi viðburða sem höfðu það markmið að fræða og skemmta og skapa tilbreytingu í skólastarfinu. Meðal þess sem var í boði var Gettu betur keppni þar sem harðsnúið lið FVA keppti við skólameistara og tvo kennara, Paintball, parkour, pílu og þútt, fá að vita allt sem varðar kynlíf, en þú þorðir ekki að spyrja um, skíðaferð í Bláfjöll, hraðlestur og prjón, kynning á björgunarsveitarstörfum, jóga, Rush og teygjur, læra að búa til krem og maska, baka köku, sjóða súpu, logskurður og rafsúða, fablab og tækniteikning og margt fleira.

Lýðræðisfundur nemenda hvar haldinn 9. mars. Útskriftarnemar stýrðu umræðum og skiluðu niðurstöðum til stjórnenda. Það komu margar skemmtilegar og góðar hugmyndir eins og meiri afþreyingu í frímínútum, betri aðbúnað og fleiri sálfræðinga!

Í annarlok

Vorönnin var fjölbreytt og fjörug. Margt nýtt var um að vera í starfsemi skólans, s.s. innleiðing farsældarlaga og stefnumótun til framtíðar. Enn meir bar á því en áður að námskraftur, skuldbinding og ábyrgð nemenda á námi sínu fer þverrandi. Mögulega er það kófinu um að kenna að einhverju



leyti. Hér þurfum við að staldra við, sýna skilning en setja mörk og gera kröfur til að halda áfram uppi þeim gæðum náms og menntunar sem skólinn vill ná.